

211. fundur stjórnar LSS haldinn miðvikudaginn 07.12 2011 kl. 12:00
á skrifstofu LSS Brautarholti 30 , 105 Reykjavík.

Mættir; SBB, EK, BKR, FH, SvB, JS, VLF.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Sþ

2. Inntaka nýrra félaga

Hrannar Sigurðsson kt.130279-5899 aukaaðild sþ .

3. Sjúkraflutningar

Starfshópur um endurskoðun á fyrirkomulagi við sjúkraflutninga kom saman á fyrsta fund í morgun. Drög að plani eiga að liggja fyrir 19. des. Talað er um hagræðingu og bætta þjónustu.

Umræður um fjárframlög ríkis og sveitarfélaga til sjúkraflutninga, hækkun kom frá Fjárlaganefnd á milli 2. og 3. umræðu.

Hugmyndir í gangi á Suðurlandi um breytingar á rekstri sjúkraflutninga. Einhverjar viðræður hafa verið við BÁ um að taka reksturinn yfir.

Kjarasamningur við Fjármálaráðuneytið er í burðaliðnum. Hann mun taka mið af hækkunum vegna Starfsmatsins í LSS samningnum við sveitarfélögin. Hlutastarfandi fá áfram samkomulag.

LSS hefur haft afskipti af aðkomu að nýju LSH, m.t.t. akstur sjúkrabifreiða.

4. Starfsmat

Vinnan hefur tafist af ýmsum ástæðum t.d. vegna skorts á starfslýsingum. Upplýsa þarf trúnaðarmenn um að niðurstaða og leiðréttingar á launum tefjist.

5. Ársþing 2012

Ákveðið að halda þingið á sama tíma og sama stað og 2010, 13.–14. apríl 2012.

6. Reglugerð um slökkviþjónustu á flugvöllum

Ný reglugerð er dagsett 16. nóvember. Talað er um „Björgunar- og slökkviþjónustu“. Umræður um menntun. LSS hefur sent FMS og MVS bréf með fyrirspurn um menntun nýráðinna hjá Isavia ohf á Akureyrarflugvelli. Rætt um nefndarálit frá Alþingi. Framhaldið ákveðið þegar svör berast.

7. Fulltrúaráðsfundur

Farið yfir dagskrá fundarins sem er kl. 15:00. Guðmundur Ingi Gunnarsson verkefnastjóri kynnir verkefni um trúnaðarmannakerfi. Skipa þarf í Uppstillingarnefnd. Farið verður yfir glærur um lífeyrismál.

8. Önnur mál:

a) Boð til Winnipeg

Formaður hefur fengið boð frá kollegum í Kanada um ráðstefnu í febrúar, m.a. umræður um áhættu slökkviliðsmanna á að fá krabbamein. Samþykkt.

b) Lífeyrissjóðir

Farið yfir glærur frá opinberu lífeyrissjóðunum.

c) Söguritun

Frkvstj minnir á að LSS verði 40 ára 2013. Rætt um mögulega söguritun.